

2016-2017

Lestrarstefna

Bláskógabyggðar



Ljósmynd: Ólafur Magni Jónsson

Elfa Birkisdóttir, Erla Jóhannsdóttir, Eyrún Egilsdóttir,
Freydís Örylgisdóttir, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, Guðbjörg
Gunnarsdóttir, Hekla Hrönn Pálsdóttir, Karl Hallgrímsson,
Kristín Hreinsdóttir, Margrét Larsen, Regína Rósa
Harðardóttir

Inngangur

Það er fagnaðarefni að skólarnir í Bláskógabyggð setji hér fram sameiginlega lestrarstefnu ásamt ítarlegum leiðbeiningum fyrir hvert aldursstig. Með því er verið að tryggja faglegt starf í skólunum og byggja upp sameiginlegan skilning á þeim viðmiðum sem stefnt er að hverju sinni í lestri.

Lestur er grundvallarþáttur í námi hvers einstaklings og undirstaða frekara náms. Það er því mjög mikilvægt að fylgst sé með framvindu hvers og eins nemanda og hann fái alla þá aðstoð sem hann þarf til að ná árangri. Í lestrarstefnunni er gerð grein fyrir öllum þeim aðferðum og skimunum sem beitt er til að nemendur nái sínum viðmiðum. Þannig gefst foreldrum einnig tækifæri til að vera virkari þátttakendur í námi barna sinna en áhrif þeirra á árangur og almenna líðan barnanna í skólanum er meiri en við gerum okkur almennt grein fyrir.

Ég vil hvetja alla sem koma að uppeldi barna, innan skóla sem utan, til að kynna sér lestrarstefnuna og hafa í huga að öll umræða um lestur og árangur í námi hefur áhrif á börnin og það viðhorf sem þau þróa með sér til frekara náms.

Að lokum færi ég leik- og grunnskólum í Bláskógabyggð innilegar hamingjuóskir með nýja lestrarstefnu og vona að hún eigi eftir að nýtast vel starfsmönnum skólanna, nemendum og aðstandendum þeirra.

Bryndís Böðvarsdóttir
formaður skólanefndar

Efnisyfirlit

Inngangur.....	0
Hlutverk og markmið lestrarstefnunnar	3
Samstarf skóla og heimila	3
Hugtakið læsi.....	3
Hlustun.....	4
Tal.....	4
Ritun.....	5
Lestur	5
Tæknilegur lestur	5
Lesskilningur	6
Áherslur og mat.....	6
Læsiskennsla- kennsluaðferðir.....	8
Þjálfunaraðferðir í lesskilningi	10
Lestrarþjálfun	12
Skólalestur.....	12
Heimalestur.....	12
Leiðsögn við heimalestur	13
Verklag ef heimalestri er ekki sinnt.....	14
Nemendur með lestrarerfiðleika.....	14
Skimanir - greiningar.....	15
Listi yfir skimanir - prófanir	16
Greiningartæki, próf, viðmið.....	17
Orðarún - lesskilningspróf.....	18
LOGOS.....	19
Í kjölfar skimana/prófana.....	20
Frekari grunur um lestrarerfiðleika.....	21

Allar ljósmyndir sem prýða lestrarstefnuna eru teknar af nemendum í ljósmyndavali í Bláskógaskóla Reykholti haustið 2016.

Hlutverk og markmið lestrarstefnunnar

Leiðarljós: Að öll börn í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins nái hámarksárangri í læsi.

Læsi er mikilvægt verkfæri í námi og þátttöku í samfélaginu. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) er meginmarkmið læsis að nemendur nái að umskrifa og umskapa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og þeirrar tækni sem völ er á.

Lestrarstefna hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Með henni er mótuð heildarsýn í lestrar-kennslu sem á að tryggja eðlilega þróun lestrarnáms og samfellu. Mótun lestrarstefnu felur í sér skilgreiningu á markmiðum og leiðum og segir hvert skuli stefna. Innleiðing lestrarstefnu eflir skilning og þekkingu á læsishugtakinu. Með mótun lestrarstefnu er einnig hægt að samræma mat á lestri nemenda og bregðast við frávikum. Markviss viðbrögð geta skipt sköpum og mikilvægt að þau eigi sér stað um leið og grunur um erfiðleika vaknar. Þannig er leitast við að tryggja jafnan rétt nemenda til náms. Stefnunni er m.a. ætlað að veita foreldrum stuðning við og yfirsýn yfir lestur barna sinna. Lestrarstefna á að vera aðgengileg í skólasamfélaginu og þjóna öllum sem koma að lestrarnáminu, bæði foreldrum og starfsfólki, því læsi fléttast inn í allrar námsgreinar og er undirstaða alls náms.

Hlutverk skólanefndar og sveitarstjórnar er að styðja við starfsþróun innan skólanna og stuðla þannig að vel upplýstu og menntuðu starfsfólki innan skólanna. Einnig að sjá til þess að gott aðgengi sé að fjölbreyttu lestrarefni á bókasafni.

Samstarf skóla og heimila

Lestrarstefna er mikilvægur hlekkur í upplýsingastreymi milli heimilis og skóla. Foreldrar þurfa að vera upplýstir um þær aðferðir sem notaðar eru í skólanum þannig að þeir eigi auðveldara með að styðja við lestrarnám barna sinna. Stuðningur og þátttaka foreldra í lestrarnáminu er forsenda framfara og góðs árangurs hjá nemendum. Því er mikilvægt að þeir fái innsýn í og þekki þær lestrarkennsluaðferðir sem skólinn notar. Það er hlutverk skólans að styðja foreldra í þessu uppeldishlutverki og benda þeim á fjölbreyttar leiðir heimalesturs. Það er mikilvægt að foreldrar veki athygli barna sinna á fjölbreyttum bókmenntum, lesi með börnum sínum og séu góðar fyrirmyndir á lestrarsviðinu.

Hugtakið læsi

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) kemur fram að læsi hafi löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem við þörfnumst til að geta sett hugsun okkar í ritað og lesið mál. Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt atferli. Í gegnum uppgötvanir byggja börn upp þekkingu á ritmáli þar sem eru málhvetjandi

samskipti og umhverfi. Með uppgötvununum eru börnin að afla sér mikillar bakgrunnsþekkingar um læsi þrátt fyrir að hafa ekki náð þeirri tæknilegu færni að lesa. Talað er um hugtakið *bernskulæsi* sem læsiþekkingu barna á leikskólaaldri og er það skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lesturs og ritunar. Í því samhengi felur það í sér skilning á hugtökum tengdum læsi og nær yfir hefðbundna læsiþætti, þ.e. hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Með málfærni er verið að leggja grunn að fyrstu skrefum barns við læsistileinkun og síðar lestrarfærni. Grunnurinn að farsælu lestrarnámi er lagður í leikskóla. Í almennum hluta *Aðalnámskrár grunnskóla frá 2011* er læsi tilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar sem ætlað er að draga fram meginatriði almennrar menntunar og stuðla að samfellu í skólasterfinu. Fjallað er um læsi í víðara samhengi en áður og meginmarkmið læsis talið vera „að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á“ Hugtakið læsi hefur fjölþætta merkingu og það vísar ekki eingöngu til færinnar að lesa. Nemendur verða að geta nýtt sér færni að lesa, geta brugðist við og gefið af sér. Læsi felur í sér fjórar grunnstoðir sem samtvinnast í lestrarnáminu: *hlustun, tal, lestur og ritun*.

Hlustun

Leiðarljós: Að nemendur í Bláskógabyggð öðlist þá hæfni að vera virkir hlustendur, öðlist styrka hljóðkerfisvitund og læri að flokka upplýsingar.

Móðurmálið er mikilvægasta samskiptatækið okkar. Hæfnin til að hlusta er forsenda þess að vera fær um að taka þátt í samræðum, tjá sig og hlusta á það sem aðrir hafa að segja, vega það og meta og bregðast við á viðeigandi hátt. Hlustun er lærð hæfni sem þarf að vera til staðar áður en formleg lestrarkennsla hefst til að nemendur geti áttað sig á og tileinkað sér hljóðkerfi málsins. Börn þurfa að ná tókum á hlustunarskilningi og umskráningu og því er ekki hægt að tala um virkan lestur nema þessi tvö ferli vinni saman.

Tal

Leiðarljós: Að nemendur Bláskógabyggðar öðlist þann mál og talskilning sem nauðsynlegur er til að vera fullgildur aðili í samræðum við aðra. Einnig að nemendur öðlist þann málskilning sem er undirstaða lesskilnings og þess að geta fylgt fyrirmælum.

Orðaforði er mikilvæg undirstaða læsis og er meginforseta mál- og lesskilnings. Hann er einnig mikilvægur í samskiptum okkar við aðra og skiptir meginmáli (ásamt lesfimi) í lesskilningi nemenda. Orðaforði talmáls þróast hratt og snemma á lífsleiðinni. Mikilvægt er að efla orðaforða markvisst í leikskóla og við upphaf skólagöngu. Færni í notkun talmáls er mikilvæg til að geta tekið virkan þátt í samfélagsumræðu, tjáð skoðanir sínar og miðlað af

þekkingu sinni. Gott vald á talmálinu er undirstaða annars tungumálanáms og hefur áhrif í öllum kennslugreinum.

Ritun

Leiðarljós: Að nemendur í Bláskógabyggð verðir færir um að rita texta frá eigin brjósti, læri að nota gott málsnið við ritun og þjálfist sem best í réttritun.

Ritun er færni sem byggir á öllum þáttum tungumálsins. Stafsetning reynir mjög á hljóðkerfisþáttinn, einkum hæfnina til að sundurgreina hljóðin og raða þeim saman í rétta orðmynd. Það hefur gefið góða raun að kenna lestur í nánu samhengi við ritun og stafsetningu þar sem þessi ferli þróast samhliða og styðja hvert annað. Ritun leiðir til meiri lesturs, ýtir undir lesskilning og að nemendur tjái hann með eigin orðum. Þannig skapast t.d. tengsl milli hins þekkta og óþekkta sem myndar grundvöll að nýrri þekkingu.

Skipta má ritun í tvo meginþætti:

- tæknilegir þættir s.s. skrift, stafsetning, uppsetning texta og fingrasetning
- efnislegir þættir s.s. efnistöð og skipulag.

Lestur

Lesturinn er tvíþættur, tæknilegur þáttur og lesskilningur.

Tæknilegi þátturinn er að læra bókstafina, hljóðin og geta skeytt þeim saman í merkingarþær orð.

Lesskilningurinn er hversu vel tekst að ná upplýsingum úr texta, vinna með þær og túlka. Forsenda lesskilnings er góður orðaforði og málskilningur. Bakgrunnsþekking og reynsla nemenda af ólíkum tegundum ritmáls, áhugi og ályktunarhæfni skipta miklu máli varðandi góðan lesskilning.

Tæknilegur lestur

Leiðarljós: Að nemendur Bláskógabyggðar öðlist sterka hljóðkerfisvitund til að byggja á með markvissri þjálfun á leikskólum og fyrstu stigum grunnskólans. Að nemendur hafi öðlast þekkingu á táknum hljóðkerfisins í leikskóla og náð því að vera tæknilega læsir á yngsta stigi grunnskóla

Í upphafi lestrarnáms beinist athyglin að tæknilegri hlið lestursins. Þar reynir á öflugan hljóðvitund sem er undirstaða lestrarnáms. Hún felur í sér næmi fyrir smæstu hljóðum talmálsins

(hljóðungum) sem gerir þeim kleift að breyta bókstöfum í hljóð og orð. Þjálfun hljóðkerfisvitundar er því afar mikilvægur þáttur í lestrarkennslu barna. Þekking nemenda á hljóðum og táknum, þ.e. að geta tengt hljóð við tákni (staf) og áttað sig að að táknið raðast saman í orð er forsenda þessa að nemendur átti sig á út á hvað lestur gengur. Færnin helst í hendur við það hversu sterk hljóðkerfisvitund barnanna er. Því öflugri sem hljóðkerfisvitundin er því betur kemur lestrarnámið til með að ganga. Þjálfun hljóðvitundar í samvinnu við heimilin er afar mikilvæg á fyrstu stigum lestrarkennslu. Við endurtekinn lestur fara nemendur smám saman að þekkja orðmyndir sem þeir hafa lesið oft og safna þannig orðum í orðasafn hugans og efla með því móti lesfimi sína. Endurtekinn lestur er því mikilvægur á fyrri stigum lestrarferlisins.

Lesskilningur

Leiðarljós: Að efla málvitund og lesfimi nemenda svo þeir hafi sterkar stöðir til að byggja lesskilning sinn á. Að við lok grunnskóla geti nemendur lesið sér til gagns.

Lesskilningur vísar til skilnings á lesnum texta og þess að muna það sem lesið er. Forsenda góðs lesskilnings er góð málvitund, þ.e. málskilningur, orðaforði og að nemendur skynji uppbyggingu máls. Ennfremur skiptir góð lesfimi (leshraði) máli. Færnin við að lesa orðin þarf að vera nánast sjálfvirk svo nemandinn geti beint óskiptri athygli sinni að efnisinnihaldi lestextans hverju sinni.

Bakgrunnsþekking nemenda, reynsluheimur þeirra, áhugi, ályktunarhæfni, reynsla af ólíku ritmáli og þekking á eigin hugsunum skipta máli þegar kemur að því að skilja og afla sér þekkingar. Lesskilningur byggir á skilningi og úrvinnslu tungumálsins. Lesskilningur felur m.a. í sér að lesarinn:

- búi yfir ákveðinni lestrarfærni og hugtakaskilningi
- nýti bakgrunnsþekkingu sína og geti aflað upplýsinga
- greini aðalatriði frá aukaatriðum og dragi saman niðurstöður texta
- endurtaki og umorði og geti orðað spurningar út frá textanum
- greini orsök og afleiðingu
- meti og túlki lesefni
- geti lesið ólík textasnið og sé fær um að greina efnið
- geri greinarmun á staðreyndum og hugmyndum og sé gagnrýninn á textann.

Áherslur og mat

Lestur er lykill að öllu námi og því þurfa lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum skólanna í Bláskógabyggð að vera fjölbreytt og markviss. Nauðsynlegt er að vekja áhuga nemenda á lestri og að lestrarkennsla og lestrarþjálfun haldi áfram allan grunnskólann.

Til að ná þeim meginmarkmiðum sem felast í læsisstefnunni þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar í skólalastarfinu.

Á *leikskólastigi* fer fram nám sem leggur öflugan grunn að þróun bernskulæsis. Barnið er í brennidepli og unnið er frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði. Markvisst er unnið að því að vekja áhuga barnsins á málinu og litið er á tungumálið sem skapandi efnivið. Lögð er áhersla á fjölbreytta vinnu með alla þætti máls. Börnin þurfa að hafa gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efniviði, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkunnáttu, máli og læsi. Lesnar eru barnabækur um fjölbreytt efni til yndis og ánægju og til þess að efla fyrrnefnda þætti. Lesa þarf daglega fyrir börnin í stærri og minni hópum og auk þess fyrir eitt barn í einu, ef því verður við komið eða þörf krefur. Litið er á söngva, vísur, þulur, sögur og kveðskap sem mikilvægan efnivið í leikskólalastarfi, meðal annars með tilliti til málörvunar og læsis.

Á *ýngsta stigi grunnskólans* þarf að tryggja að nemendur öðlist færni í umskráningu stafa og hljóða. Þjálfar þarf grunnfærni í lestri og ritun þannig að nemendur geti lesið einfalda texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu til annarra í gegnum ritun eða annað tjáningarform.

Á *miðstigi* þarf áfram að þjálfar nemendur í lestri, kenna og þjálfar mismunandi lestrarlag. Nemendur þurfa að læra að beita mismunandi lestrarlagi eða lestrartækni, s.s. ítarlestri, nákvæmnislestri, leitarlestri eða skimunarlestri eftir því sem við á. Samhliða þarf að þjálfar ritunarþáttinn, gera nemendur færa um að skrifa ólíkar tegundir texta með eigin rithönd eða í gegnum ritvinnslu.

Á *unglingastigi* þurfa nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið texta af öryggi og með skilningi. Þeir þurfa að geta valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur og ritun ásamt því að þekkja ólíkar tegundir texta. Þá þurfa þeir að geta tjáð hugmyndir sínar og skoðanir skipulega og rökrétt í rituðu og töluðu máli og notað orðaforða og málsnið sem hæfir textanum.

Lestur og ritun tengjast námi í öllum námsgreinum. Kennarar í skólum Bláskógabyggðar eru hvattir til að leggja áherslu á læsi í víðum skilningi og nota fjölbreyttar aðferðir til að auka orðaforða, málskilning og lesskilning nemenda á öllum stigum skólans. Í kennslu upplýsingalæsis er lögð áhersla á kenna nemendum að finna upplýsingar, meta og nota.

Meta þarf lestrarfærni nemenda og fylgjast með stöðu þeirra alla skólagönguna. Beita þarf snemmtækri íhlutun til að finna nemendur í áhættu varðandi læsistengda þætti.

Matið þarf að ná til allra þátta lestrarnámsins og það þarf að nýta til að taka ákvarðanir um áframhaldandi lestrarnám/þjálfun. Reyna þarf eftir föngum að vekja og viðhalda ánægju nemenda af lestri og þeir hvattir til lestrar með öllum tiltækum ráðum, t.d. með yndislestri, lestrarátaki, upplestri og upplestrarkeppnum. Með lestri góðra bókmennta öðlast nemendur aukinn skilning á nærumhverfi sínu og fá innsýn í aðra menningarheima.

Læsiskennsla- kennsluaðferðir

Í leikskólum sveitarfélagsins er markvisst unnið með málþroska og málvitund nemenda.

Í leikskólunum fara nemendur í elsta árgangi í gegnum Hljóm2. Prófið greinir hljóðkerfisvanda og hefur mikið forspárgildi um gengi í lestrarnámi.

Skólar sveitarfélagsins vinna samkvæmt hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Hún gengur út á að skima fyrir veikleikum og bregðast strax við vandanum. Rannsóknir sýna að afar mikilvægt er að standa vel að lestrarnámi barna fyrstu árin. Þær sýna einnig að bilið milli þeirra sem ná góðri lestrarfærni fyrir lok 3. bekkjar og þeirra sem ná því ekki, hefur tilhneigingu til að breikka enn frekar.

Í skólum Bláskógabyggðar er ekki eingöngu kennt eftir einni lestrarkennsluaðferð, en að stórum hluta er hljóðaaðferðin þó lögð til grundvallar. Helsti kostur aðferðarinnar er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa og ný orð sem koma fyrir í texta. Unnið er markvisst með hljóð og tákn.

Hér á eftir fer yfirlit yfir lestrarkennsluaðferðir sem notaðar eru með eins til sextán ára nemendum í Bláskógabyggð.

Tákn með tali: Þessi aðferð hefur verið ætluð fyrir börn með frávík í málþroska eða þau sem hafa ekki náð að tileinka sér talað mál. Þá hefur það einnig verið nýtt fyrir tvítyngd börn þegar þau eru að koma ný inn í leik- eða grunnskóla og kunna ekki íslensku. Tákn með tali er alltaf notað með tali og er í raun notað til að myndgera það sem verið er að segja. Auðvelt er að skilja og læra tákn með tali, kerfið eflir börn í sjálfstæði til að nýta málið og ýtir undir myndun setninga og mállhljóða.

Lubbi finnur málbein: Verkefnið um Lubba er byggt á hljóðanámi í þrívídd og er hugmyndafræðileg nálgun sem höfundar hafa þróað. Aðferðin felur í sér samþættingu skynleiða, sjón-, heyrnar- og hreyfi/snertiskyns sem hraðar og auðveldar tileinkun hljóðanna og vistun þeirra í minni. Í málbeinum Lubba eru fyrir hvert mállhljóð litir hljóðaregnbogans sem vekja áhuga barnanna og gera hljóðanámið að skemmtilegum leik, með sérstakri áherslu á hljóðavitund sem liggur til grundvallar umskráningu og er forsenda lestrarfærni. Efnið um Lubba verður notað frá eins árs, eða við upphaf leikskólagöngu.

Orðagull: Markmiðið með Orðagulli er að efla hlustun og yfirfærslu á lesnum og sögðum fyrirmælum. Nemendur þurfa að muna það sem sagt er, geta kallað það fram og farið eftir því. Efnið hentar vel fyrir elstu börnin á leikskólanum en má nota einnig fyrir næstelsta hóp. Notkun á Orðagulli eykur orðaforða og skilning á því hvernig tungumál er notað. Fyrir nemendur sem eiga erfiðara með að halda þræði eru myndræn spjöld til að leiðbeiningar. Einnig fylgja efninu geisladiskar.

Spil og leikir: Ein kennsluaðferðanna sem notuð er í leik- og grunnskólum eru spil og leikir. Markviss notkun leikja í kennslu getur orðið til þess að auka áhuga nemenda á náminu og

um leið gert það skemmtilegra. Með spilum og leikjum er hægt að þjálfá bókstafi, hljóð þeirra og tákn, auk þess orð og orðmyndir.

Kennsluforrit: Ýmis kennsluforrit eru góð til lestrarkennslu og lestrarþjálfunar. Fjölbreytt úrval forrita er til sem efla á fjölbreytta vegu næmi barna fyrir máli og læsi.

Hljóðaaðferðin: Í leikskólunum er unnið markvisst með hljóð og tákn orðanna í gegnum leik. Í grunnskólunum er áfram unnið með þá vinnu og byggt ofan á hana. Þegar nemendur hafa ná færni í vinnu með nokkur hljóð fara þeir að tengja þau saman og mynda orð. Í upphafi lesa nemendur stutt orð en fara smám saman að lesa lengri orð og setningar. Þeir nemendur sem þegar hafa náð tökum á bókstöfunum fást á sama tíma við önnur lestrar-tengd verkefni.

Samlestur: Kennari velur texta, sögu eða jafnvel ljóð og unnið er t.d. með ákveðna bókstafi, hugtök, orð eða orðmyndir. Verkefni eru unnin út frá textanum, bæði myndrænt og skriflega. Lesskilningur er þjálfður og ný orð skoðuð sérstaklega til þess að auka orðaforðann.

LTG – aðferðin: Unnið er út frá talmáli og sköpunarhæfileikum nemenda sem semja sögur með hjálp kennara. Þessi aðferð er notuð til þess að kenna ákveðna bókstafi eða orðmyndir. Kveikjan að sögu getur verið t.d. einn bókstafur, mynd eða upplifun nemendahópsins á einhverju sérstöku. Unnið er með söguna á marga vegu og gefst nemendum tækifæri til þess að uppgötva tengsl hins talaða máls og hins ritaða.

Hugtakakort: Þessi aðferð kennir nemendum að nota myndræna framsetningu til þess að skapa tengsl við bókstafi, hljóð og orð. Seinna meir, þegar nemendur eru búnir að ná góðri færni til að nýta sér þessa tækni, eru þeir fljótir að koma skipulagi á hugsun sína, ná yfirsýn yfir efni og undirbúa ritun eða sögugerð.

Paralestur: Nemendur lesa texta/bók sem valin er af kennara. Markmiðið er þjálfun í raddlestri og framsögn. Nemendur búa til spurningar úr efninu hvor fyrir annan eða endursegja og æfa fyrstu skrefin í gagnvirkum lestri.

Raddlestur: (að lesa upphátt) Nemendur lesa fyrir kennara í skólanum. Einnig lesa nemendur í paravinnu og samlestri í stærrí hópí.

Framsögn: Þegar nemandi hefur náð nokkuð góðum tökum á lestri er tímabært að bæta við færnina og huga að framsagnarþættinum. Góð framsögn veitir lesandanum öryggi og stuðlar að bættum lesskilningi auk þess að vera stór þáttur í miðlun texta. Mikilvægt er að allir árgangar fái þjálfun í framsögn á einhvern hátt.

Nemendur í 7. bekk fá markvissa þjálfun í framsögn sem gefur þeim færi á að styrkja og gera framsagnarþáttinn mikilvægan til undirbúnings með þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni.

K-PALS: Heitið K-Pals stendur fyrir Kindergarten-PALS og er ætlað 4-5 ára börnum. K-PALS er vel rannsökuð og árangursrík aðferð til að þjálfá lesskilning og lesfimi í eldri deild

leikskóla. Markmiðið með aðferðinni er að veita kennurum kost á að þjálfa og örva samtímis hóp af börnum í hljóða- og stafapækkingu. Aðferðin byggir á jafningjamiðaðri nálgun.

PALS: Í grunnskólunum er lestur einnig þjálfaður/kenndur með PALS, Þör að læra saman. PALS er afar vel rannsökuð og árangursrík kennsluaðferð til að þjálfa lesfimi og lesskilningsaðferðir í blönduðum bekkjardeildum. PALS er jafningjamiðuð nálgun. Aðferðin virkar vel samhliða öðrum kennsluaðferðum.

PALS er unnið í lotum og byggir á föstu skipulagi nemenda sem ýmist eru í hlutverki lesara eða þjálfara.

6+1 vídd ritunar: Sérstaða aðferðarinnar felst í að ritunarferlið er skoðað út frá 7 víddum. Þær eru: hugmyndir, skipulag, rödd, orðaval, setningaflæði, rithefðir og framsetning. Aðferðin ýtir undir sköpun nemenda.

Þjálfunaraðferðir í lesskilningi

Gagnvirkur lestur: Þessi aðferð er talin henta nemendum frá þriðja bekk. Alltaf þarf að taka mið af þyngdarstigi textans.

Forstig: Lestur. Nemendur og kennari lesa stuttan kafla úr texta. Stjórnandinn (nemandi eða kennari) les upphátt, hinir fylgjast með í hljóði. Lesturinn ætti ekki að vera langur, ein efnisgrein er lesin í einu. Nemendur, sem eiga í erfiðleikum með að lesa textann einir, geta unnið í pari með öðrum færari lesara.

1. þrep: Samantekt. Stjórnandinn tekur saman helstu atriði efnisins. Hann segir hvert meginefnið er. Aðrir geta bætt við eða mótmælt. Mikilvægt er að reyna að halda sig við aðalatriði en sleppa smáatriðum.
2. þrep: Spurninga er spurt. Stjórnandinn spyr einnar eða fleiri spurninga sem er líklegt að kennari myndi spyrja. Þessi æfing gefur nemendum færi á að æfa sjálfsspurningar og ákveða mikilvæg atriði sem þeir gætu þurft að standa skil á seinna.
3. þrep: Útskýringar. Stjórnandi athugar hvort eitthvað þurfi útskýringa við. Á þessu stigi spyrja nemendur spurninga um atriði sem þeim finnst erfitt að skilja og vilja fá nánari skýringar á. Kennarinn getur spurt spurninga og hvatt til spurninga frá hópnum eða bekknum. Þessu stigi er sleppt ef nemendum finnst allt vera skýrt og auðskilið.
4. þrep: Forspá. Stjórnandinn spáir fyrir um innihald textans sem á að lesa næst. Nemendur geta bætt við eigin ályktunum.

Næsti hringur. Endurtekning ferlis. Annar stjórnandi er valinn og ferlið endurtekið þar til lokið er við að lesa allt efnið. Samskipti nemenda og kennara þurfa að vera sem eðlilegust og þátttaka annarra nemenda í umræðum er æskileg.

SSLSR-aðferðin:

1. þrep: Texti er skoðaður. Nemandinn skoðar myndir, fyrirsagnir og feitletranir í kaflanum eða kaflahlutanum sem lesa á.
2. þrep: Spurninga er spurt. Nemandinn spyr „kennaralegra“ spurninga t.d. út úr hverri efnisgrein. Hann styðst við millifyrirsagnir og segir hvers hann var vísari.
3. þrep: Textinn er lesinn. Nemandinn les textann til að svara spurningunum.
4. þrep: Sagt frá efni textans. Nemandinn segir munnlega og með eigin orðum frá efninu sem lesið var.
5. þrep: Efnið rifjað upp. Nemandinn rifjar upp efnið með aðstoð spurninga.

Hugtakakort: er tækni við að skrá þekkingu á myndrænan og skipulegan hátt. Við gerð hugtakakorta þarf nemandinn að tengja saman skyldar hugmyndir og hugtök og lýsa tengslum þeirra. Þetta hjálpar honum að tileinka sér nýjar upplýsingar.

1. Textinn lesinn.
2. Hugtök og dæmi eru skrifuð á miða.
3. Hugtakamiðunum er raðað á stóra örku.
4. Bæta við hugtökum ef þarf (t.d. yfirhugtök).
5. Hugtökin eru tengd saman.
6. Skrifa á tengilínur.
7. Raða dæmum við hugtökin.
8. Kortið er yfirfarið með gagnrýni og leiðrétt ef þarf.
9. Endurrita kortið á blað, teikna hringi og línur.

Merking orða út frá samhengi: Efling

orðaforða er mjög mikilvæg og er þá verið að kenna og ræða ákveðin orð í texta fyrirfram, skoða merkingu þeirra, orðhluta og skyld orð. Aðferðin er notuð með bókmenntatextum sem nemendur lesa.



Ljósmynd: Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir

Lestrarþjálfun

Lestrarþjálfun barna er alltaf samstarfsverkefni heimila og skóla sveitarfélagsins.

Skólalestur

Yngstu nemendur lesa daglega upphátt í skólanum fyrir umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa eða bekkjarfélaga. Nemendur lesa í hljóði að meðaltali í 10-15 mínútur á dag. Notast er við sem fjölbreyttastar lestraraðferðir eins og paralestur og samlestur.

Á miðstigi lesa nemendur upphátt a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Þá lesa nemendur í 2.-7. bekk í hljóði að meðaltali í 10-15 mínútur á dag í skólanum. Kennarar sjá nemendum fyrir bókum sem hæfa aldri, þroska og getu.

Á unglíngastiginu er lestur orðinn reglulegur liður í flestu námi í skólanum.

Meginmarkmið skólalesturs er vitaskuld að ýta undir áhuga barnanna á lestri, hafa af honum ánægju og gagn. Annað markmið er að auka leshraða, lesfimi, hugtaka- og orðskilning.

Heimalestur

Markmið með lestrarþjálfun heima er að börn auki lesfimi sína, bæti við orðaforða og málskilning. Nauðsynlegt er að fullorðinn aðili sitji alltaf hjá barninu og fylgist með lestrinum og leiðrétti þegar orð eru lesin rangt og hrósi þegar rétt er lesið. Börn sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur þurfa að hafa aðgang að hljóðskrá.

Þegar barn les heima er mikilvægt að það hafi næði á meðan það æfir sig. Mikilvægt að ræða og útskýra textann sem lesinn er og athuga hvort barnið hafi skilið það sem það las eða það sem lesið var fyrir það. Markviss skráning á lestri nemenda veitir yfirsýn yfir ástundun þeirra í lestri. Það veitir einnig innsýn í skipulag, virkni og viðhorf nemandans til lestrar. Heimalestur er mikilvægur liður í samstarfi heimilis og skóla.

Á yngsta stigi lesa nemendur upphátt fyrir fullorðinn aðila heima í 10 – 15 mínútur á dag fimm sinnum í viku. Það er mikilvægt að foreldri/forráðamaður lesi reglulega fyrir barnið og ræði innihald textans. Kvittunarhefti fylgja lestrarbókunum þar sem foreldrum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Þeir nemendur og foreldrar/forráðamenn sem standa sig vel fá sýnilega umbun í kvittunarheftið. Þá munu kennarar einnig kvitta fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir þá. Heftið skal því fylgja nemandanum bæði heima og í skóla.

Þegar liður á skólagönguna breytist eðli heimalesturs. Hann tengist flestum námsgreinum og hættir að vera bundinn við móðurmálsnámið eitt og sér. T.a.m. má hann mjög gjarnan vera texti úr kennslubókum í náttúrufræði eða samfélagsfræði því þannig texti er vel til þess fallinn að auka hugtakaskilning og orðaforða og auðvelt er að koma auga á tilganginn með

Þannig lestri sem styður við annað nám. Lestur léttlestrarbóka í erlendum málum er annað dæmi og síðar lestur kjörbóka bæði á erlendum málum og á íslensku.

Leiðsögn við heimalestur

Stuðningur og leiðsögn við lestur: Lestrarstuðningur felst í því að hvetja nemendur, leiðréttu villur og gefa leiðbeiningar um hvernig á að lesa.

Endurtekinn lestur með tímatöku: Nemandinn les eina blaðsíðu þrisvar sinnum og foreldri/forráðamaður tekur tímann. Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les. Eða nemandi les í eina mínútu í senn og reynir að ná lengra með hverri endurtekningu. Endurtekning er mjög mikilvægur þáttur í lestrarþjálfun og þar sem nemendum finnst endurtekning oft ekki spennandi þá er tímataka ágæt leið til þess að lífga upp á endurtekningalesturinn.

Samlestur: Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt.

Paralestur: Nemandi og foreldri/forráðamaður skipta textanum á milli sín og lesa til skiptis (ein og ein setning, efnisgrein eða blaðsíða).

Bergmálslestur: Foreldri/forráðamaður og barnið lesa upphátt til skiptis t.d. sömu setningu eða efnisgrein.

Leiðbeinandi lestur og stuðningur: Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir



Ljósmynd: Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir

lestrarlagi foreldris. Að lokum les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja nemandann áfram.

Að hlusta og lesa: Hlustun á hljóðbók/ í tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á <http://nams.is>. Námsgagnastofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds. Einnig geta nemendur með greinda lestrar- eða námserfiðleika sótt um aðgang að Hljóðbókasafni Íslands.

Verklag ef heimalestri er ekki sinnt

Grunnskólar í sveitarfélaginu setja sér verklagsreglur til að halda utan um heimalestur barna og tryggja þannig eftir megni að nauðsynlegri þjálfun þeirra sé sinnt. Ljóst er þó að ekki sitja öll börn við sama borð hvað þjálfun heima varðar. Skólinn reynir því að koma til móts við þarfir nemenda grunnskólans sem ekki fá viðeigandi þjálfun heima.

Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda

Ef ítrekaður misbrestur er á iðkun og/eða skráningu heimalesturs er ferlið eftirfarandi:

1. Athugasemd skráð í dagbók nemandans í Mentor.
2. Kennari sendir tölvupóst til foreldra /forráðamanna.
3. Kennari hringir heim ef litlar breytingar verða á tveim vikum.
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með kennara og deildarstjóra/skólastjóra ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.

Komi sú staða upp að ofangreindar verklagsreglur beri ekki árangur verður málinu vísað til nemendaverndarráðs.

Nemendur með lestrarerfiðleika

Leiðarljós: Að mæta þörfum hvers nemanda á hans forsendum. Að efla nemendur með lestrarvanda eins og framast er unnt og skapa þeim þau stuðningsúrræði og verkfæri sem þeir þurfa á að halda.

Í skólum Bláskógabyggðar er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og að greina þarfir nemenda eins fljótt og kostur er. Í framhaldinu er sett af stað vinna með það að markmiði að þjálfva og ýta undir málþroska og lestrartengda þætti. Snemmtæk íhlutun getur komið í veg fyrir lestrarerfiðleika og sérkennslu síðar á skólagöngunni. Skjótur árangur í lestri getur gefið nemendum forskot í námi og þar með velgengni í öðrum kennslugreinum og hefur þannig jákvæð áhrif á líðan og trú nemendanna á eigin getu (lesvefurinn).

Í leikskóla eru lögð fyrir greiningarpróf sem meta málþroska og almennan þroska barnanna. Í grunnskólanum eru lestur og ritun metin með því að leggja fyrir skimanir á málþroska og læsi. Skimunum þarf að fylgja eftir með greiningum á þörfum nemenda í áhættuhópi varðandi lestrarerfiðleika og sérstökum stuðningi innan skólans. Þurfi að vísa nemendum til nánari greiningar á málþroska er sú þjónusta sótt til Skólaþjónustu Árnesþings.

Viðfangsefni í lestri og ritun þurfa að hæfa aldri, þroska og áhuga nemenda. Aðlagð náms-efni og hjálpartæki eru notuð til að mæta þörfum nemenda. Leita verður leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum lestrarerfiðleika t.d. með fjölbreyttum leiðum í námi, námsmati og skilum á verkefnum.

Stefnt er að því að kennarar hafi reglulega aðgang að námskeiðum eða fræðslufundum sem gera þá færari í að mæta þörfum nemenda með lestrarerfiðleika eða vanda sem tengist málþroska. Sveitarfélagið kappkostar að hafa ávallt á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki.

Stefna Bláskógabyggðar er að meta og mæta þörfum hvers nemanda. Sveitarfélagið á aðild að skólaþjónustu Árnesþings. Þar starfa sálfræðingar, talmeinafræðingur, náms og starfsráðgjafi og kennsluráðgjafar. Þangað geta kennarar leitað stuðnings og úrræða.

Skimanir - greiningar

Á leikskólastigi er fylgst með framförum barna í málþroska og læsi. Snemmtækri íhlutun er beitt og leitað eftir stuðningi sérfræðinga ef grunur vaknar um seinkaðan málþroska. Foreldrar eru virkjaðir í samstarfi um mál og læsi barna sinna og upplýstir um framfarir þeirra.

Á grunnskólastigi eru árlega lagðar fyrir skimanir og eða próf til að fylgjast með hvort nemendur taki eðlilegum framförum í lestri. Niðurstöður skoðast ávallt með það að markmiði að meta hvort bregðast þurfi við á einn eða annan hátt fyrir ákveðna nemendur eða nemendahópa.

Í kjölfar prófana/skimana fara kennarar og sérkennarar yfir niðurstöður þeirra og skipuleggja í framhaldinu og í samráði við foreldra hvaða leiðir verða farnar til að bæta hæfni nemandans. Umsjónarkennarar byggja kennsluáætlanir sínar á niðurstöðum prófana/skimana og aðlaga verkefni þörfum nemenda.

Víki nemandi mikið frá viðmiðum getur hann þurft á einstaklingskennslu að halda einhverja tíma á viku í ákveðinn tíma. Eða vinnu í fámennum hópi nemenda með hjálp sérkennara.

Foreldrum eru alltaf kynntar niðurstöður. Þeir ásamt skólanum leggjast á eitt um að hjálpa barninu með þjálfun og hvatningu.

Listi yfir skimanir - prófanir

Hér á eftir er listi yfir þær leiðir sem farnar eru til að fylgjast með og meta stöðu nemenda.

Leikskólastig: *Orðaskil* er lagt fyrir eins og hálf til þriggja ára nemendur. *Hljóm2* er lagt fyrir nemendur í elsta árgangi leikskólans. *TRAS* er athugun í aðstæðum og fer fram reglulega á leikskólagöngunni. Niðurstöður *Bigance* og *PEDS* eru notaðar með leyfi foreldra til að vinna með barnið í leikskólanum. Prófin eru lögð fyrir af heilsugæslunni.

Yngsta stig: 1. bekkur: *Lesferill*. Lesskimun og nefnuhraðapróf í október, lesfimi og sjónrænn orðaforði í janúar og maí. Þeir nemendur sem mælast lágir í lesskimun eru skoðaðir nánar með greiningarprófinu *Hljóðfærni*. Við upphaf grunnskólagöngu er *stafapekking nemenda* könnuð. Við upphaf og lok 1. bekkjar er hópprófið *Tove Krogh* lagt fyrir nemendur.

2. og 3. bekkur: *Lesferill* lesskimun og sjónrænn orðaforði í september, janúar og maí.

Orðleysuprófin eru lögð fyrri alla nemendur í 1.-3. bekk einu sinni á ári.

4. bekkur: *Lesferill*, lesfimi í september, janúar og maí.

Nefnuhraðapróf og próf í orðleysulestri eru notuð eftir þörfum.

Lesgreiningarprófið *LOGOS* er notað til að greina lestrarerfiðleika nemenda í 3. og 4. bekk ef lestrarlag þeirra vikur frá því sem hefðbundið getur talist.

Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem notað er í 3. og 4. bekk.

Miðstig: Í 4. til 7. bekk er *Lesferillinn* notaður til að fylgjast með framförum nemenda.

Lesfimin er lögð fyrir í september, janúar og maí. Sjónrænn orðaforði, nefnuhraði og orðleysulestur eftir þörfum. Lesgreiningarprófið *LOGOS* er notað til að greina enn frekar lestrarerfiðleika nemenda á miðstigi. Ennfremur til að skima fyrir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 5. bekk í desember ár hvert.

Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem notað er í 5.-7. bekk.

Á miðstigi er færni nemenda til að túlka texta og veita honum líf í upplestri kannaður með framsagnarprófi.

Unglingastig: Í 8. til 10. bekk er *Lesferillinn* notaður til að fylgjast með framförum nemenda í lesfimi. Lesfimin er lögð fyrir í september, janúar og maí. Sjónrænn orðaforði, nefnuhraði og orðleysulestur eftir þörfum. Lesgreiningarprófið *LOGOS* er notað til að greina enn frekar lestrarerfiðleika nemenda á unglingastigi. Einnig til að skima fyrir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 9. bekk í október ár hvert. Leitast er við að nemendur sem falla undir viðmið dyslexíu hafi með sér nýlega pappíra sem kveða úr um það þegar þeir ljúka grunnskólagöngunni.

Lesskilning prófið *Orðarún* er notað í 8. bekk.

Greiningartæki, próf, viðmið

BRIGANCE þroskaskimunarpróf fer fram á heilsugæslunni og með leyfi foreldra er það nýtt til að sjá hvar börnin standa og bregðast við því. Prófið nær til margra þroskaþátta, þar með talið fín- og grófhreyfinga, almennrar þekkingar, máls, skólafærni og beitingar skrif-færis. Ef barn fær heildarskor undir viðmiðstölu fyrir sitt aldurbil er skýrt kveðið á um það hvernig bregðast skuli við.

PEDS er mat foreldra á þroska barna og er framkvæmt á heilsugæslunni. PEDS er spurningalisti sem fær foreldra til að lýsa yfir áhyggjum sínum eða áhyggjuleysi varðandi þroska, heilsu eða hegðun barna sinna. PEDS skoðar almenna vitsmuni, tjáningu og hljóð-myndun, málskilning, fínhreyfingar, grófhreyfingar, hegðun, félagslega og tilfinningalega, sjálfsbjörg, skólafærni og forskólafærni.

Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á gátlista varðandi orðaforða fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Það mælir orðaforða og hversu gott vald börnin hafa á beygingakerfi og setningagerð málsins. Viðmið fylgja prófinu sem skera úr um hvort málþroski þeirra mælt innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.

TRAS er skráningartæki sem notað er af leikskólakennurum til að fylgjast með málþroska, málvitund og félagsfærni barna í leikskólum. Skráning er gerð tvisvar á ári á skráningarblað barnsins sem fylgir því út leikskólagönguna. Markmið skráningar í TRAS er að hafa sam-ræmda skráningu til að hægt sé að grípa til snemmtækrar íhlutunar þurfi að aðstoða barnið á einhverjum sviðum.

Hljóm2 er aldursbundið skimunar- og greiningartæki sem ætlað er til að athuga hljóðkerfisvitund hjá 5 ára börnum. Athuguð eru tengsl hljóð- og málvitundar og er hægt að nota niðurstöður á fyrirbyggjandi hátt ef grunur leikur á dyslexíu eða öðrum erfiðleikum tengdum hljóðkerfisvitundinni.

Stafakönnun. Umsjónarkennarar kanna í upphafi skólaárs þekkingu 1. bekkinga á bók-stöfum og hljóðum. Um er að ræða einstaklingskönnun. Eitt af markmiðum skólaþjónustu Árneshöfða er að þegar nemendur koma í 1. bekk hafi þeir á valdi sínu allflesta stafina og hljóð þeirra.

Tove Krogh er hóppróf sem lagt er fyrir nemendur í 1. bekk. Það gefur upplýsingar um færniþætti sem tengjast lestri. T.d. hlustunarfærni, færni til að muna og fylgja eftir fyrir-mælum, skilning á ákveðnum hugtökum og öryggi nemenda í vinnu.

Lesferill er heiti á matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga hennar. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla. Matstækinu er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Niðurstöður sýna árangur nemandans og hvar hann stendur miðað við jafnaldra. Lesfimin gefur orðafjölda á mínútu eða lesin atkvæði á mínútu.

Lesfimiþróf mæla hversu mörg orð eða atkvæði nemandi les á mínútu. Niðurstöður gefa einnig til kynna hvar nemandinn stendur miðað við jafnaldra á landsvísu.

Sjónrænn orðaforði metur orðaforða sem nemandinn getur lesið/þekkir án þess að þurfa að raða saman öllum hljóðum orðsins (hljóða sig í gegnum það). Nemandinn getur ekki lesið af samhengi texta við lestur stakra orða.

Orðleysupróf gerir þær kröfur að nemandinn þarf að beita hljóðaaðferðinni til að lesa sig í gegnum orðleysur eða bullorð.

Nefnuhraði er til að kanna hversu hratt nemandi getur kallað fram hljóðrænar upplýsingar óháð hljóðvitund eða stafapekkingu. Nefnuhraði hefur forspárgildi varðandi lestur.

Orðarún - lesskilningsþróf

Orðarún er lesskilningsþróf ætlað fyrir nemendur í 3.-8. bekk. Þrófið er staðlað og eru tvö þróf fyrir hvern árgang. Þrófin samanstanda af lestexta og fjölvalsspurningum. Þrófinu er ætlað að kanna hversu vel nemendum tekst að skilja meginefni texta, átta sig á staðreyndum, hvernig þeim gengur að lesa á milli línanna og dregið ályktanir sem ekki standa beint í textanum. Að auki gera nemendur grein fyrir þekkingu sinni á ákveðnum orðum og orðasamböndum.

Aldurstengd viðmið:


Árgangur	Þróf 1	Viðmið	Þróf 2
3. bekkur	18-20 atriði	Gott	17-20 atriði
	13-17 atriði	Meðal	11-16 atriði
	9-12 atriði	Slakt	8-10 atriði
	1-8 atriði	Mjög slakt	1-7 atriði
4. bekkur	17-20 atriði	Gott	17-20 atriði
	11-16 atriði	Meðal	12-16 atriði
	8-10 atriði	Slakt	8-11 atriði
	1-7 atriði	Mjög slakt	1-7 atriði
5. bekkur	16-20 atriði	Gott	17-20 atriði
	11-15 atriði	Meðal	10-16 atriði
	7-10 atriði	Slakt	7-9 atriði
	1-6 atriði	Mjög slakt	1-6 atriði

Árgangur	Próf 1	Viðmið	Próf 2
6. bekkur	16-20 atriði	Gott	17-20 atriði
	10-15 atriði	Meðal	10-16 atriði
	7-9 atriði	Slakt	7-9 atriði
	1-6 atriði	Mjög slakt	1-6 atriði
7. bekkur	17-20 atriði	Gott	17-20 atriði
	10-16 atriði	Meðal	11-16 atriði
	7-9 atriði	Slakt	7-10 atriði
	1-6 atriði	Mjög slakt	1-6 atriði
8. bekkur	17-20 atriði	Gott	16-20 atriði
	11-16 atriði	Meðal	9-15 atriði
	7-10 atriði	Slakt	6-8 atriði
	1-6 atriði	Mjög slakt	1-5 atriði

LOGOS

LOGOS er greiningartæki til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum einstaklingum. Prófið skiptist í tvo hluta: a) fyrir nemendur í 3.-5. bekk og b) fyrir nemendur í 6.-10. bekk og fullorðna. Prófpættirnir eru m.a. leshraði og lesskilningur, hlustun og skilningur, umkóðunarfærni, og undirliggjandi þættir sem hafa áhrif á lesframvindu. Prófin eru stöðluð miðað við jafnaldra.

Við skimun á hópum (5. og 9. bekk) eru ákveðin atriði prófsins notuð. Fyrst er mældur leshraði og lesskilningur. Ef þeir þættir eru lágir hjá nemanda er metið hversu hratt og vel gengur að lesa orðmyndir sem birtast í stuttan tíma og lestur orðleysa. Eftir skimun er boðið upp á hraðlestrarnámskeið og endurmetið í kjölfarið. Skili það inngríp ekki árangri eru erfiðleikarnir skoðaðir frekar sem og áframhaldandi inngríp.



Ljósmynd: Lára Pétursdóttir

Miðað er við að nemendur með lestrarerfiðleika fari með nýlega greiningu með sér út úr grunnskólanum. Með því er tryggt að fari þeir í framhaldsskóla eigi þeir rétt á viðeigandi þjónustu, s.s. hljóðskrá, lengri próftíma, lestrarstuðningi og að tekið sé tillit til erfiðleikanna við skil verkefna.

Viðmið:

Við skimanir er stuðst við eftirfarandi tölur sem gefnar eru í hundraðsröð:

Niðurstaða á bilinu 0-15 bendir til alvarlegra erfiðleika. Bregðast þarf við með markvissri kennslu og frekari námsúrræðum.

Niðurstaða á bilinu 15-30 bendir til miðlungs alvarlegra erfiðleika. Nemendur ættu að ná betri færni með aukinni þjálfun heima og í skóla.

Nemendur sem eru yfir 30 eiga ekki við erfiðleika í lestri að stríða og nemendur yfir 70 hafa náð mjög góðum tókum á lestri.

Í kjölfar skimana/prófana

Í kjölfar prófana/skimana er hver nemandi skoðaður. Komi frávík í ljós getur verið um margs konar inngríp að ræða.

Leikskólastig:

Ef vísbendingar benda til hljóðkerfissröskunar (TRAS, Hljóm2):

- Einstaklingsþjálfun undir handleiðslu sérkennara
- Börnum skipt í fámenna hópa þar sem unnið er með veika þætti í gegnum leik og málörvun.

Grunnskólastig:

Víki nemendur frá viðmiðum um hraða er hvert tilvik skoðað fyrir sig og þær leiðir valdar sem taldar eru heppilegastar.

Nemendum sem fá niðurstöðu undir 30 í hraða í LOGOS skimun í 5. og 9. bekk er boðið upp hraðlestrarnámskeið. Námskeiðið er unnið í samvinnu sérkennara á svæði Skólaþjónustu Árneshöfna og fylgir föstu lestrarkerfi sem fylgt er heima og í skóla.

Dæmi um aðrar leiðir sem farnar eru til að efla lestrarhraða eru:

- Hraðlestrarnámskeið heima og í skóla.
- Lestrartextar og hljóðkerfisvinna, byggir á vinnu í skóla og heima.
- Lestraráttak sem byggir á auknum yndislestri heima og í skóla.
- Yndislestur í skóla á hverjum morgni, aukinn áhersla á lestur heima samhliða.
- Allir lesa, lestrarátak á landsvísu.

- Lestraráttak Ævars vísindamanns, lestraráttak á landsvísu.
- Lestraráttak og býflugnalestur í skóla, yndislestur heima. Í býflugnalestri lesa nemendur í hálfum hljóðum.
- Einstaklingsmiðað inngríp sem sérkennari hefur aðkomu að ásamt íslenskukennara. Getur verið í formi einstaklingskennslu eða kennslu í fámennum hópi.

Frekari grunur um lestrarerfiðleika

Skili inngríp ekki nægjanlegum árangri getur það verið vísbending um lestrarerfiðleika.

Hvert tilvik fyrir sig er skoðað með áframhaldandi vinnu í huga. Ef til vill þarf nemandinn

- einstaklingsþjálfun undir handleiðslu sérkennara
- lesþjálfun í fámennum hópi nemenda í umsjá sérkennara
- leiðbeiningar um bættu námstækni
- nánari greiningu á vanda, s.s. lestrargreiningu, greiningu á málþroska eða þroskamati.

Hver svo sem úrræðin eru skiptir gott samstarf foreldra, umsjónarkennara og sérkennara máli varðandi árangur barnsins.

Nemendur með annað móðurmál eiga samkvæmt lögum rétt á að fá aukalega kennslu í íslensku. Séu foreldrar/forráðamenn ekki mælandi á íslenska tungu er oft vænlegra til árangurs að nemandinn lesi heima á sínu móðurmáli.



Ljósmynd: Lára Pétursdóttir